# Með margar stofur? Tengdu útibúin þín.

Síðast uppfært 08/07/2026 11:45 am BST

Ef þú ert með fleiri en eina stofu/staðsetningu og vilt birta stofurnar saman á vefsíðunni þinni eða inni á Noona appinu þá mælum við með að notast við útibú.

## Hvernig bý ég til nýtt útibú?

Byrjaðu á því að opna **Valmyndina -> Stillingar -> Útibú.**




> Undir **upplýsingar um keðju** setur þú inn nafn, prófílmynd og opnunarmynd sem þú vilt hafa fyrir keðjuna sem er yfir öllum útibúunum.

Til þess að stona nýja útibúið smellir þú á **Nýtt útibú.**

**Nýtt útibú +**

Síðan setur þú inn nafn, stærð fyrirtækis, símanúmer og staðsetningu á nýja útibúinu.




Við það verður til nýr Noona HQ aðgangur með eigin uppsetningu, þjónustulista, starfsfólk og Noona prófíl.

Undir **upplýsingar um útibú** getur þú svo séð og haldið utan um öll útibúin þín og fært þau yfir í aðra keðju ef það á við.







Efst í hægra horninu getur þú síðan séð öll þau útibú sem þú ert með aðgang að og auðveldlega flett á milli þeirra.




## Hvernig birtast útibú á Noona?

Þegar að leitað er að útibúum á Noona koma þau bæði upp sem keðja og í sitt hvoru lagi.




# Hvernig get ég stjórnað vefslóðinni?

Undir **Stillingar -> Sýnileiki** er hægt að ráð vefslóðinni á keðjunni og útibúinu.




---

Ekki hika við að hafa samband við okkur ef að þú lendir í vandræðum ❤